



Reykjavík, 6. mars 2024

VEL24020014

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölda barna í Reykjavík sem búa undir fátæktarviðmiði

Þann 7. febrúar 2024 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda barna í Reykjavík sem búa undir fátæktarviðmiði:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftirfarandi upplýsinga um hagi barna. Hvað búa mörg börn í Reykjavík undir fátæktarmörkum þ.e. undir framfærsluviðmiði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins? Í Reykjavík hefur stéttaskipting vaxið síðustu ár. Bilið milli ríkra og fátækra hefur aukist. Hópur þeirra sem skilgreindir eru undir fátæktarviðmiði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins hefur stækkað og spyr fulltrúi Flokks fólksins um hversu mikið hann hefur stækkað.

Svar

Velferðarsvið heldur ekki utan um upplýsingar um né skráir upplýsingar um fjölda barna í Reykjavík sem búa undir fátæktarmörkum þ.e. undir framfærsluviðmiði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins né hvort börnum sem búa undir fátæktarviðmiðunum hafi fjölgað. Vísað er til meðfylgjandi svars sem lagt var fram á fundi velferðarráðs þann 21. júní 2023 við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík (fylgiskjal 1).

Jafnframt er vakin athygli á skýrslu forsætisráðherra um fátækt og áætlaðan samfélagslegan kostnað frá maí 2023 (fylgiskjal 2). Í skýrslunni kemur m.a. fram að lágtekjuhlutfallið á Íslandi hafi verið 15,3% árið 2000 og árið 2021 13,5%. Ætla megi af þeim 13,5% íbúa sem voru undir lágtekjumörkum hafi börn verið um 19,6% eða rúmlega 9.000 einstaklinga alls miðað við árið 2020. Fram kemur að lágtekjuhlutfall 0-17 ára hafi verið 15% árið 2000 en 12% árið 2020. Nánar er fjallað um lágtekjumörk og lágtekjuhlutfall barna eftir aldurshópum í skýrslunni m.a. út frá hópum barna sem má ætla að séu í viðkvæmari stöðu en önnur börn.

Fylgiskjöl:

1. Svar við fyrirspurn borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Ísland um fjölda barna sem búa við fátækt í Reykjavík. Lagt yfir fund velferðarráðs 21. júní.
2. Skýrsla forsætisráðherra um fátækt og áætlaðan samfélagslegan kostnað. Maí 2023.



Reykjavík